

þann 13. janúar eða þremur dögum eftir brottför skipsins. Hafi hann verið með magakvilla og verið í læknisrannsókn dagana 13. og 14. janúar. Hafi hann ekki séð lækinn aftur vegna þessa sjúkdóms.

Gegn andmælum stefnda og með vísan til framangreinds framburðar stefnanda fyrir dómi verður umrætt læknisvottorð ekki lagt til grundvallar sem sönnunargagn um veikindaforföll stefnanda. Þar sem stefnandi hefur ekki á annan hátt sannað að hann hafi ekki mátt fara með skipinu í umrædda ferð vegna veikinda verður að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu. Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ólafur Óskarsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Búa Grétars Vífilssonar, í máli þessu.

Aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Miðvikudaginn 15. janúar 1986.

Nr. 206/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurði Stefáni Almarssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var af ákærvaldsins hálfu áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1985 að ósk ákærða en jafnframt krafðist ákærvald þess að refsing yrði þyngd.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 5. desember 1985.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð dóms- og kirkjumála-

ráðuneytisins um að ákærði hafi ekki afplánað refsingu hér á landi frá því að hann fékk reynslulausn í eitt ár hinn 25. mars 1984.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Stefán Almarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. júlí 1985.

Ár 1985, þriðjudaginn 30. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 434/1985: Ákærvaldið gegn Sigurði Stefáni Almarssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. þ.m. á hendur ákærða, „Sigurði Stefáni Almarssyni, Karfavogi 33, Reykjavík, fæddum 30. ágúst 1956 í Hafnarfirði, fyrir að aka, laugardaginn 5. maí 1984, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-44404 frá Óðinstorgi í Reykjavík að Skúlatúni 6, en þar hafði lögreglan afskipti af ákærða strax að loknum akstri.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða og öðru því sem fram er komið í málinu:

Laugardaginn 5. maí 1984 ók ákærði bifreiðinni R-44404 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Óðinstorgi hér í borg að Skúlatúni 6, þar sem lögreglan í Reykjavík hafði afskipti af ákærða kl. 06:10 um morguninn, strax að loknum akstri.

Ákærða var tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar kl. 06:50 umræddan morgun. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist alkóhólmagn í blóði ákærða vera 1.60‰.

Með eigin játningu ákærða og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Varðar brot ákærða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968.

Samkvæmt sakavottorði ákærða varð hann uppvis að þjófnaðarbroti, en ákæru á hendur honum var frestað skilorðsbundið 2 ár frá 24.10. 1972. Á árunum 1973 til 1981 gekkst hann 9 sinnum undir dómsátt og greiðslu sektar fyrir brot gegn lögreglusamþykkt, áfengislögum, lögum um ávana- og fíkniefni og umferðarlögum. Þá hefur ákærði sætt eftirtöldum refsisdómum:

- 1973: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið 3 ár, fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðar- og áfengislagabrot.
- 1974: 8 mánaða fangelsi, skilorðsbundið 3 ár fyrir þjófnað.
- 1974: 1 árs fangelsi, fyrir þjófnað, tilraun til þjófnaðar, eignaspjöll, nytjastuld og ölvun og réttindaleysi við akstur. Sviptur ökuleyfi 8 mánuði.
- 1975: Sviptur ökuleyfi 2 ár fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.
- 1976: Sakfelldur fyrir skjalafals.
- 1976: 1 mánaðar fangelsi fyrir þjófnað.
- 1977: Sakfelldur fyrir þjófnað og skjalafals.
- 1977: 6 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, líkamsárás og þjófnað.
- 1977: 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og gripdeild.
- 1977: 5 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, skjalafals, fjársvik og fjárdrátt.
- 1978: 3 mánaða fangelsi fyrir fjársvik, nytjastuld og ölvun við akstur. Sviptur ökuréttindum ævilangt.
- 1979: Sakfelldur fyrir þjófnað og tilraun til þjófnaðar.
- 1979: 200.000 króna sekt fyrir ölvun við akstur.
- 1980: 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
- 1980: Sakfelldur fyrir ölvun við akstur.
- 1980: Sakfelldur fyrir skjalafals.
- 1980: 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
- 1980: Sakfelldur fyrir skjalafals og líkamsárás.
- 1980: 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
- 1981: 3 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir skjalafals.
- 1982: 14.10.: 45 daga fangelsi fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.

1983: 45 daga fangelsi fyrir hylmingu.

1983: 26.4.: Sakfelldur fyrir réttindaleysi við akstur.

1983: 5 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

Hinn 7. desember 1981 var ákærða veitt reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 285 dögum, og þann 25. mars 1984 var ákærða veitt reynslulausn í 1 ár á eftirstöðvum refsingar, 145 dögum.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54, 1976 og samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga hafa dómarnir frá 14. október 1982 og 26. apríl 1983 ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um. Samkvæmt framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 60 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að áréttta að ævilöng ökuleyfissvipting ákærða eigi að haldast.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Stefán Almarsson, sæti fangelsi í 60 daga.

Ákærði á að vera sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá uppkvaðningu dóms þessa. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dóms-ákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 16. janúar 1986.

Nr. 135/1985. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Vilhjálmí Antoni Stefánssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Skjalafals. Fjársvik. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.